

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, 376. mál á 136. löggjafarþingi 2008-2009.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar séu verulegar breytingar á því hvað telst vera sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar. Þeir teljist einir sjálfstætt starfandi sem starfa á eigin kennitölu við atvinnurekstur eða aðra sjálfstæða starfsemi.

SA og SI telja að gæta þurfi jafnræðis meðal þeirra sem starfa við eigin atvinnurekstur, óháð því hvort félag hafi verið stofnað um starfsemi. Fjölmargir sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa valið að stofa einkahlutafélag um starfsemi sína, fyrst og fremst vegna umfangs starfseminnar og einnig með tillit til skattlagningar tekna. Réttur til atvinnuleysisbóta á ekki að ráðast af því hvort einkahlutafélag hafi verið stofnað um starfsemi eða ekki. Með því er verið að veita eiganda einkahlutafélags mun rýmri rétt en þeim sjálfstætt starfandi einstaklingum sem reka starfsemi á eigin kennitölu, m.a. hvað varðar kröfur um stöðvun rekstar.

SA og SI eru á hinn bóginn fylgjandi því að fullar atvinnuleysisbætur miðist við að sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi reiknað sér endurgjald á grundvelli viðmiðunarfjárhæða fjármálaráðherra. Samkvæmt 58. gr. laga um tekjuskatt er við ákvörðun fjárhæða höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf og því felst í því aukið jafnræði að sjálfstætt starfandi einstaklingar miði við sambærilegar tekjur og almennt gerast hjá launamönnum og greiði atvinnuþryggingagjald af þeirri fjárhæð til að tryggja sér fullan rétt til atvinnuleysisbóta.

SA og SI telja að sama skapi nauðsynlegt að breyta frumvarpinu í þá veru að allir þeir sem falla undir 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og verða að reikna sér endurgjald á grundvelli viðmiðunarfjárhæða fjármálaráðherra, sitji við sama borð við mat á því hvort fullum tryggingarétti sé náð. Ný 10. mgr. 15. gr. laga um atvinnuleysistryggingar gæti orðast svo:

„Starfi launamaður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í skilningi 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt fer um tryggingahlutfall skv. 19. gr.“

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Ragnar Árnason, hdl.,
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA

F.h. Samtaka iðnaðarins



Sigurður B. Halldórsson hrl.,
lögmaður SI